

7. BEKKUR 2015

GEYMIST Í SKÓLA

ÍSLENSKA

SAMRÆMT KÖNNUNARPRÓF

HEFTI II

Nafn: _____

Bekkur: _____

Skóli: _____

- Merktu prófheftið og svarblaðið með nafni þínu, bekk og skóla.
- Athugaðu hvort upplýsingar í reitnum efst til hægri á svarblaði eigi við þig.
- **Svör við öllum spurningum í þessu hefti á að færa á svarblaðið.**
- Notaðu svartan eða bláan penna. Notaðu ekki tússpenna.
- Settu kross í reitinn , ekki fylla alveg í reitinn .
- Vandaðu frágang. Gangi þér vel.

Lesskilningur

Lestu textann úr **Fuglalíf á Framnesvegi** og svaraðu spurningunum.

Nú sitjum við á púðum sem við bárum niður úr íbúðinni hans afa. Það var skrítið að sitja á púða undir teppi innan um allan varninginn og bíða eftir innbrotspjófum.

– Af hverju heldurðu að þeir komi í nótt? spyr ég. – Ég finn það á mér. – Hvernig finnurðu það á þér? – Það kom briliantíngaur inn í búðina rétt fyrir lokun. Hann góndi upp um alla veggi með sínum þjófsaugum. – Hvernig eru þjófsaugu? – Þau staldra aldrei við neitt.

Þótt mér þyki vænt um Steina glæp verð ég að viðurkenna að augun í honum eru líka dálítið óstöðug. Kannski er eitthvað til í þessu hjá afa Guðjóni að þjófsaugu staldri aldrei við neitt. Sjálfur hef ég stolið. Það voru fjórir magasleðar fullir af skraufpurrum lestarborðum úr togurum til að setja á áramótabrennu. Við Arnar stálum borðunum frá Bæjarútgerðinni. Allir strákar verða að stela timbri til þess að komast í brennulið. Þannig er það bara. Og ég held að þetta hafi ekki haft nein áhrif á augun í okkur Arnari.

Þegar ég er að hugsa um þetta heyrir þrusk við gluggann inni á lagernum. Afi Guðjón grípur í mig og hvíslar: Hann er kominn!

Það er rétt. Einhver er að spenna upp lagergluggann.

Svo heyrir mäs og blástur. Þjófurinn er greinilega að troða sér inn um gluggann.

Þá sprettur afi Guðjón á fætur og ég fylgi á eftir honum inn á lagerinn. Við sjáum þjófinn hanga í glugganum. Hann er hálfur inni og hálfur úti. Um leið og afi kveikir ljósið rekur gaurinn upp hálfkæft óp og reynir að forða sér afturábak út sömu leið og hann kom. En hann situr fastur. Það er voðalegt að sjá hann hanga þarna með

uppglennt augu og galopinn skolt. Og nú er hann byrjaður að grenja. Afi Guðjón segir honum að halda kjafti smá stund svo hægt sé að losa hann. Það er mjög erfitt að eiga við þjóf sem grenjar og veifar öllum skönkum. Afi grípur í annan handlegginn á náunganum en ég í hinn og við reynum að draga hann inn. En hann situr alveg pikkfastur. Að lokum gefumst við upp og látum hann bara hanga.

– Þú komst í búðina í dag og skimaðir út um allt með þínum þjófsaugum, segir afi. Hverju ætlaðirðu að stela, karlinn? [...] – Kókosbollum! – Ertu að brjótast inn til að stela kókosbollum? – Já! – Af hverju kaupirðu þér ekki kókosbollur eins og heiðvirður maður? – Af því ég á enga peninga!

Þá losnar gaurinn allt í einu. Hann hrynur inn á lagerinn og lendir á hveitipoka sem springur. Það er ljótt að sjá hann svona útgrenjaðan og ataðan í hveiti.

– Hvað finnst þér að ég eigi að gera við þig? spyr afi Guðjón. – Ekki lemja mig! – Hvað ertu gamall? – Fjörtán! – Ertu sterkur í löppunum? spyr afi.

Strákurinn nuddar augun sem eru full af hveiti og horfir skilningssljór á afa. Segir loks: Já, já, ég er ansi sterkur í löppunum.

Hérna í portinu er sendisveinahjól, segir afi Guðjón. Ef þú hjólar með pantanir borga ég krónu fyrir ferðina. Þú nærð tíu ferðum á dag. Sem þýðir að þú getur keypt þér fjörutíu kókosbollur á dag.

Afi, það getur enginn étið fjörutíu kókosbollur á dag, segi ég.

Tuttugu bollur á dag, segir afi.

Nei, segi ég, ekki heldur tuttugu.

Kannski tíu á dag, segir strákurinn.

(Ólafur Haukur Símonarson, 2009, Fuglalíf á Framnesvegi)

31. Af hverju vildi afi Guðjón fylgjast með búðinni?

- A Hann hafði heyrt af innbrotspjófum.
- B Hann hafði séð grunsamlegan mann í búðinni.
- C Honum sýndist einhver vera á ferli.
- D Honum var annt um búðina sína.

32. „... að þjófsaugu staldri aldrei við neitt.“

Hvað merkja undirstrikuðu orðin?

- F horfa
- G hreyfast
- H stansa
- I stara

33. „Og ég held að þetta hafi ekki haft nein áhrif á augun í okkur Arnari ...“

Til hvers vísar undirstrikaða orðið?

- K augnaráðs Steina glæps
- L sambands drengsins við afa
- M vináttu strákanna
- N þjófnaðar á timbri

34. Þegar afi kveikti ljósið varð þjófurinn

- P kvíðinn.
- R skelkaður.
- S undrandi.
- T vonsvikinn.

35. Hvers vegna ætlaði drengurinn að brjótast inn?

- V Hann langaði í sælgæti.
- X Hann vantaði peninga.
- P Hann var reiður við afa.
- ✿ Æ Hann var svangur.

36. Hverju bjóst þjófurinn við þegar hann losnaði úr glugganum?

- A áminningu
- B barsmíðum
- C handtöku
- D skömmum

37. Hvaða eiginleika þarf sendisveinn að hafa að mati afans?

- F að kunna að hjóla
- G að kunna mannasiði
- H að vera heiðarlegur
- I að vera hraustur

38. Hvers vegna hafði afi ekki samband við lögregluna?

- K Hann taldi glæpinn lítilfjörlegan.
- L Hann vildi gefa þjófnum annað tækifæri.
- M Hann vildi kenna þjófnum mannasiði.
- N Hann vildi koma þjófnum á óvart.

39. Hvernig endar sagan?

- P Þjófurinn fékk færi á að bæta ráð sitt.
- R Þjófurinn fékk refsingu við hæfi.
- S Þjófurinn reyndi að breiða yfir brot sitt.
- T Þjófurinn þurfti að bæta skaðann.

40. Hvaða málsháttur á við söguna?

- V Betri er einn fugl í hendi en tveir í skógi.
- X Fátt er svo með öllu illt að ei boði gott.
- P Margur verður af aurum api.
- ✿ Æ Sjaldan fellur eplið langt frá eikinni.

Svonefndar riddarabókmenntir sem spruttu upp við hirðir konunga og aðalsmanna Evrópu voru þýddar á norræna tungu á 13. öld. Sögurnar lýsa glæstum hirðum, hetjudáðum riddara og ástum þeirra.

Þjóðfélag miðalda var stéttskipt, þar drottnaði fámenn forréttindastétt höfðingja og klerka meðan þorri almennings bjó við bág kjör. Auður og völd byggðust á jarðnæði sem gekk að erfðum. Höfðingjar er áttu stórar jarðir þurftu að verja landsvæðið gegn óvinum sínum. Þeir komu sér því upp öflugum riddaraliði. Riddarar þurftu sjálfir að kosta vopn sín og hesta. Það voru því nær eingöngu fjársterkir aðalsmenn sem urðu riddarar og var uppeldi þeirra við það miðað.

Menntun aðalsmanna

Drengir af allra tignustu ættum fengu kennslu heima fyrir, en meðal aðalsmanna var venja að senda drengi sjö ára gamla í vist til annars aðalsmanns. Þar gegndi drengurinn starfi riddarasveins, fór í sendiferðir, þjónaði til borðs og vann önnur létt störf. Hann lærði hirðsiði, dans og hljóðfæraleik og honum voru kennd undirstöðuatriði kristinnar trúar.

Um 15 ára aldur varð hann skjaldsveinn og hlaut margvíslega þjálfun sem bjó hann undir væntanlegt starf riddara. Hann lærði að sitja hest og fara með vopn. Tímunum saman æfði hann sig ásamt öðrum skjaldsveinum. Ein vinsælasta þrautin var að ríða á fullri ferð að markstólpa, þungum skjaldlaga hlut sem snerist hratt kringum gilda súlu. Stólpann átti að slá til hliðar með lensu. Mistækist það fékk skjaldsveinninn á sig högg og féll af baki.

Sýndi skjaldsveinninn frækilega framgöngu í bardaga gat hann átt von á

því að verða sleginn til riddara á vígvelli. Algengast var þó að skjaldsveinn væri sleginn til riddara tuttugu og eins árs. Athöfnin var hátíðleg og fór fram í kirkju. [...]

Menntun aðalskvenna

Kona miðalda var fædd í heim þar sem hún naut takmarkaðs sjálfstæðis. Í æsku laut hún stjórn föðurins og hún gat átt von á því að verða gefin í hjónaband ung, vart af barnsaldri, og oft gegn vilja sínum. Hún var talin eign eiginmannsins og átti að sýna honum fullkomna hlýðni. Yrði hún ekkja var hún í umsjá sona sinna. Væru synirnir ungir fékk hún fjárhaldsmann sem hafði svipuð völd og faðir hennar og eiginmaður áður.

Lagaleg staða hennar var slæm. Hún gat að vísu erft lönd og óðul en aðeins ef enginn karlkyns erfingi fannst innan ættarinnar.

Aðalskona hlaut yfirleitt sæmilega menntun. Uppeldið miðaðist að flestu leyti við væntanlegt hlutverk eiginkonu. Hún lærði alla almenna hluti er viðkomu heimilishaldi, en auk þess lærði hún lestur og skrift og fékk tilsögn í söng, dansi og hljóðfæraleik.

Á miðöldum voru ríkjandi margvísleg viðhorf til konunnar. Skáldin lofuðu hana, ortu til hennar og um hana. Í meðförum þeirra varð konan viðkvæm og fögur vera, jafnvel ójarðnesk í fullkomleik sínum.

Kirkjunnar menn litu konuna hins vegar hornauga, fullvissir þess að hún væri ístöðulaus skaðræðisvera sem afvegaleiddi réttláta karlmenn.

Riddurum var ætlað að þjóna henni og aðstoða eftir þörfum en þeir sinntu því hlutverki misvel.

(Baldur Hafstað og Kolbrún Bergþórsdóttir, 1988. Með kurt og pí, riddarasögur handa grunnskólum)

- 41. Samkvæmt textanum urðu riddarabókmenntir til**
- A á ferðum norrænna víkinga.
 - B í höllum norrænna konunga.
 - C í klaustrum og kirkjum Evrópu.
 - D við hirðir evrópskra konunga.
- 42. Menn voru þjálfaðir til riddara til að**
- F auka völd yfirstéttarinnar.
 - G breiða út kristna trú.
 - H hertaka ókunn lönd.
 - I verja eignir höfðingjanna.
- 43. Sjö ára drengir fóru til vistar hjá aðalsmönnum til þess að**
- K hljóta menntun.
 - L læra borðsiði.
 - M læra vopnfimi.
 - N öðlast kristna trú.
- 44. Skjaldsveinn var sá kallaður sem**
- P gat auðveldlega slegið stólpann til hliðar.
 - R sendur var til vistar hjá aðalsmanni.
 - S stundaði þjálfun til riddara.
 - T sýndi frækilega framgöngu í bardaga.
- 45. Vinsælasta þrautin í þjálfun aðalsmanna krafðist**
- V hests.
 - X hugrekkis.
 - P sverðs.
 - ✿ Æ útsjónarsemi.
- 46. Til að verða riddarar urðu menn að**
- A hafa ferðast til fjarlæggra landa.
 - B standa fastir á rétti sínum.
 - C uppfylla ákveðin skilyrði.
 - D vera konungi trúir.
- 47. Ef skjaldsveinn var sleginn til riddara á vígvelli**
- F urðu hirðmenn að hafa gefið samþykki sitt.
 - G var fjölskylda hans viðstödd athöfnina.
 - H varð að endurtaka athöfnina í kirkju.
 - I þurfti hann að hafa staðið sig vel í bardaga.
- 48. Ef kona missti manninn sinn**
- K fór hún aftur til foreldra sinna.
 - L tóku dætur hennar við búinu.
 - M varð hún að giftast fljótlega aftur.
 - N þurfti hún að treysta á syni sína.
- 49. Viðhorf til aðalskvenna á miðöldum einkenndust af**
- P áhugaleysi.
 - R fordómum.
 - S tillitssemi.
 - T vorkunnsemi.
- 50. Textinn fjallar um**
- V átök á miðöldum.
 - X líf og störf í klaustrum.
 - P menntun fyrirfólks.
 - ✿ Æ vopnaburð á miðöldum.

Kátur var hirðfíflíð í Stóru-Ávík. Hann fæddist í góðu skapi. Hann var í góðu skapi þegar hrafnarnir höfðu strítt honum heilan dag. Hann var í góðu skapi þegar hann var skammaður. Kátur var oft skammaður, því hann hafði mjög fjarstæðukenndar hugmyndir um smalamennsku. Kátur hélt að hann ætti að elta allar kindur sem hann sá, og reka þær út í buskann. Ég lokaði Kát inni áður en ég rak út úr túninu á morgnana.

Kátur gat vissulega verið uppáþrengjandi með glaðværð sinni, til dæmis þegar hann kom hoppandi af gleði í fangið á mér, eftir að hafa baðað sig í skítalæknum. Í marga daga á eftir héngu kleprarnir fastir í feldinum, en Kátur lét sér það í léttu rúmi liggja. Lífsgleði hans var alveg tær og taumlaus, og hann vildi deila gleði sinni með sem flestum. Hann elti skottið á sér af ástríðu.

Kátur kom alltaf með mér þegar ég gekk á reka á kvöldin, að vitja um nýjustu sendingar frá félagi Brésnjef til Guðmundar í Stóru-Ávík. Kátur kom fljúgandi með mér þegar þýsku túristarnir gerðu sig líklega til að höggva flís úr Grænlandssteininum. Ég ætla ekki að halda því fram að hann hafi verið sannfærandi varðhundur, en ef maður sagði urrdanbítan fór Kátur að gelta og spangóla meðan hann hringsnerist um sjálfan sig. Þýskararnir urðu skelfingu lostnir yfir þessum íslenska fjárhundi sem fylgdi engum reglum.

Það var Kátur sem kenndi mér, að maður á aldrei að meta neinn út frá því sem hann er *ekki*. Vissulega var Kátur versti smalahundur í sögu Árneshrepps,

og strangt tekið hafði hann þess vegna ekkert notagildi. En hann var vinur, leikfélagi og sálusorgari. Kátur kom alltaf skoppandi á eftir mér þegar ég hljóp út í móann hjá álfaborginni til að íhuga óréttlætið í heiminum, tilgang lífsins og allar spurningarnar sem ég var viss um að fullorðna fólkið hefði svör við, en sem það hélt – af einhverjum ástæðum – leyndum fyrir börnum. Ég hlakkaði til að verða fullorðinn af þeirri einu ástæðu að þá hlyti ég að fá svörin við spurningunum mínum.

Kátur huggaði mig, þegar ég var meyr eða stúrin. Hann huggaði ekki með hluttekningu hræsnarans, heldur sinni skefjalausu gleði sem einfaldlega feykta burt öllum sortans skýjum og sálarháska. Hann var einn af sendiherrum gleðinnar á jörðinni, og þessvegna stóð hann nær guðdóminum en flest fullorðið fólk.

Kátur var kominn á efri ár þegar við hittumst í síðasta sinn, snemma sumars 1982. Ég var að koma frá Dröngum, ég var á sautjándá ári og mér fannst óralangt síðan ég var lítill smalapiltur. Kátur hafði ekkert breyst. Hann lét mig strax finna að ég væri allra besti vinur hans í heiminum. Jú, Kátur var ögn þyngri í spori en þegar hann ærslaðist með krummunum, en hann fylgdi mér alla leið upp á Reykjaneshyrnu, sem gengur hnarreist í sjó fram og hlær við briminu og norðangarranum.

Hyrnan er létt uppgöngu frá veginum, þægileg brekka upp að brún hamrabeltisins. Þarna efst á fjallinu er ennþá snjór, svo ómögulegt er að sjá hvar fjallið endar og snjóhengjan tekur við.

Ég skipa Káti að setjast (hann hlýðir) og skrið, ofurhægt, fram á brúnina. Mig langar

að sjá niður í fjöruna. Hæðin jafngildir nokkrum Hallgrímskirkjum. Ég skríð áfram og veit ekki hvort ég er í lausu lofti. Ég horfi heillaður á öldurnar sem skella á klettunum í flæðarmálinu. Ég heyri brak. Ég horfi á öldurnar.

Kátur ærðist, stökk á mig, beit í buxnaskálm og byrjaði að draga mig frá

brúninni. Ég vaknaði af álögum, og náði að skríða til baka augnabliki áður en snjóhengjan hvarf með þungum dyn. Við hlupum niður fjallið og Kátur felldi mig hvað eftir annað, þegar hann stökk og flaðraði upp um mig, glaðari en ég hafði nokkru sinni séð hann.

(Hrafn Jökulsson, 2007, Þar sem vegurinn endar)

51. Hvers vegna var Kátur oft skammaður?

- A Hann áttaði sig ekki á skyldum sínum.
- B Hann gelti á kindurnar.
- C Hann hlýddi ekki fólkinu.

52. „Kátur lét sér það í léttu rúmi liggja.“ Hvað þýðir setningin?

- F Káti fannst gaman að stríða.
- G Káti stóð alveg á sama.
- H Kátur var alltaf léttur á sér.

53. Sögumaður sigaði Káti á túristana til að

- K fá þá til að sýna sér virðingu.
- L koma í veg fyrir skemmdarverk.
- M sýna þeim hvað urrdanbíttan þýddi.

54. Hvað í fari Káts kann drengurinn að meta?

- P fíflalætin
- R hjálpsemina
- S trygglyndið

55. Sögumaður hlakkaði til að verða fullorðinn því þá

- V fengi hann að fræðast um heiminn.
- X fengi hann að ráða sér sjálfur.

❁ P gæti hann tekið Kát burt með sér.

56. Hvernig hafði Kátur breyst?

- A Hann fór hægar yfir en áður.
- B Hann hafði tapað heyrn.
- C Hann sýndi krummunum engan áhuga.

57. Hver hlær við briminu?

- F drengurinn
- G fjallið
- H norðanáttin

58. Hvers vegna skreið drengurinn hægt fram á brúnina?

- K Hann var smeykur.
- L Hann vissi af hættu.
- M Hálsa var á brúninni.

59. Hvernig leið drengnum þegar hann horfði á öldurótið?

- P Hann fann fyrir svima.
- R Hann gleymdi stund og stað.
- S Hann varð lofthæddur.

60. Hvað á best við um atburðinn á fjallsbrúninni?

- V Hurð skellur nærri hælum.
- X Vera með hjartað í buxunum.
- ❁ P það hallar undan fæti.

PESSI SÍÐA Á AÐ VERA AUÐ